

Vinnufundur öldungaráðs 14.2.2019 í Hannesarholti.

Mættir aðalmenn: Guðrún Ögmundsdóttir, Björn Gíslason, Rannveig Ernudóttir, Ellert B.Schram, Bryndís Hagan, Gísli Jafetsson, Álfhildur Hallgrímsdóttir, Eva Kristín Hreinsdóttir, Jóhann Helgason.

Mættir varamenn: Sigríður A. Jóhannsdóttir, Ólafur Kr. Guðmundsson, Alexandra Briem, Reynir Vilhjálmsson, Sveinbjörn Björnsson, Anna Ólafsdóttir, Baldur Magnússon.

Tveir nemar tóku einnig þátt í vinnufundinum: Sigrún Ása Ásgrímsdóttir, nemi í félags- og tómstundafræðum og Sigríður Magnea Jónsdóttir, starfsnemi mannréttindaskrifstofu í þroskaþjálfarafræðum.

Starfsfólk mannréttindaskrifstofu skráði: Halldóra Gunnarsdóttir, Tómas Ingi Adolfsson og Elísabet Pétursdóttir.

Dagskrá

Kl. 9.20 – 10.15 Kynning Berglindar Soffíu Blöndal um næringarástand aldraðra eftir útskrift af öldrunardeild (2018).

Kl. 10.15 - 11.30 Umræður á þremur borðum:

1. Bæklingur velferðarviðs *Þjónusta fyrir eldri borgara í Reykjavík (2017)*
 - hvað má bæta eða lagfæra?
2. Aðgerðir í málefnum aldraðra (starfsáætlun í mannréttindamálum - Aldur) hverju má bæta við í aðgerðaráætlun.
3. Opin fundur öldungaráðs með borgarstjórn 28. maí 2019.

1. Bæklingur um þjónustu velferðarviðs við eldri borgara í Reykjavík

- Berglind Magnúsdóttir frá velferðarviði segir frá forsögu bæklingins. Öldungaráð hefur tekið við af þjónustuhópi aldraðra á velferðarviði frá og með 2018. Nýr bæklingur verður unninn í samstarfi velferðarviðs og öldungaráðs. Bæklingurinn um þjónustu við eldri borgara er sendur öllum sem verða 75 ára á árinu og á að liggja frammi á heilsugæslustöðvum og öðrum stöðum þar sem eldri borgarar sækja þjónustu. Þarf að ákveða í samráði milli velferðarviðs og öldungaráðs hvort það eigi breyta bæklingnum áður en hann verður gefinn út aftur.
- Samkvæmt Berglindi er hugmyndin að með næsta bæklingi fylgi hreyfikort sem tengjast hverju hverfi. Þannig geta íbúar í hverfunum séð hvar eru svæði og/eða aðstaða fyrir þá til að stunda hreyfingu. Vel tekið í þá hugmynd. Í hreyfikorti þyrfti líka að bæta inn upplýsingum um gönguleiðir og hvar þær eru að finna í hverfunum. Rætt um að það þyrftu að vera upplýsingar um hvar er öruggt að ganga og t.d. hvar vinnusvæði hindra ekki fólk í að ganga.

- Umræða um að það sé mikilvægt að öll hverfisíþróttafélögin í Reykjavík bjóði upp á hreyfingu fyrir eldri borgara. Tilraunaverkefni er nú í gangi hjá KR og Val þar sem boðið er upp á hreyfingu fyrir eldri borgara.
Rætt um möguleikann á því að nýta íþróttahúsin þegar þau eru ekki í notkun og geta þá boðið upp á hreyfingu fyrir eldri borgara.
- Í bæklingi þyrfti að standa hvenær upplýsingarnar sem gefnar eru upp í bæklingnum séu uppfærðar. Samkvæmt Berglindi þarf að samræma uppfærslur í bæklingnum sem er gefinn út á prenti og sem er á netinu.
- Samkvæmt Berglindi þyrfti öldungaráð að taka afstöðu til þess hvort nýr bæklingur yrði hannaður eða sá sem er núna yrði uppfærður. Einnig þyrfti að taka afstöðu til þess hvort bæklingurinn yrði áfram sendur til fólks sem er 75 ára á árinu og eldri. Umræða um að ekki sé þörf á að breyta bæklingnum mikið, hann sé skýr og vel upp settur. Aðalmálið að fólk viti af bæklingnum og flokki hann ekki sem auglýsingapóst. Mögulega þyrfti að breyta lit á lettri framan á þannig að fyrirsögnin falli ekki inn í myndina af skýjunum framan á bæklingnum.
Fólk sammála um að ef bæklingurinn yrði stækkaður mjög mikið gæti umfjöllunin um þjónustuna tapast.
- Samkvæmt Berglindi var hugsað að senda bæklinginn til 75 ára og eldri út frá því að fólk sé ekki of ungt þegar það fær bæklinginn en að bæklingurinn nái samt fólki sem er farið að huga að þjónustu fyrir eldri borgara. Þeirri spurningu var velt upp hvort það ætti að bæta við bæklinginn þeim réttindum sem fólk fær við sjötugsaldur. Fólk ekki endilega sammála um að það sé rétt. Félag eldri borgara ætti mögulega frekar að upplýsa fólk um réttindi sín. Mögulega að hafa lítinn hluta í bæklingnum undir „Gott að vita“ – þar sem væru tenglar á gagnlegar upplýsingar.
- Þyrfti að bæta inn fremst hvert fólk á að snúa sér eftir þjónustunni. Það er unnið að því núna að í símaveri verði aðili sem svarar öllu um þjónustu fyrir eldri borgara í Reykjavík og sé sérhæfður í að leiðbeina eldri borgurum á réttan stað.
Framarlega þurfa að vera ábendingar um hvert þú átt að leita ef þú hefur t.d. áhyggjur af nágranna þínum. Að þú getir t.d. hringt á heilsugæslu og leitað upplýsinga þar. Það fyrsta sem kemur í bæklingnum ætti að vera símanúmer og allar grunnupplýsingar um hvert eigi að leita.
- Umræða um að það sé ekki mikil umfjöllun um heilsugæsluna. Fólk vanti upplýsingar um hvert það eigi að leita þegar það veikist. Heilsugæslan ekki rekin af borginni þannig að það orsakast af því. Þeim möguleika velt upp að færa hlutann sem snýr að heilsugæslunni á annan stað í bæklingnum þannig að sú umfjöllun væri á meira áberandi stað.

- Með næsta bæklingi væri gott að vekja athygli á að það sé mikilvægt að fólk sem komi eldri borgurum til aðstoðar í neyð viti hvern á að hafa samband við ef eitthvað kemur upp á. Inni í bæklingnum verði póstkort sem er hægt að kippa út með upplýsingum um hvern eigi að hringja í o.s.frv. ef eitthvað kemur upp. Hver er nánasti aðstandandi, upplýsingar um ofnæmi sem þú ert með, hvaða lyf þú tekur og þess háttar.

Annað:

- Öldungaráð getur t.d. haft skoðun á því hvort það ætti að fara í tímabundnar vitundavakningar/auglýsingar t.d. þar sem fólk er spurt hvort það þekki einhvern einmana eldri borgara.
- Rætt um að hafa tengla inn á heilsuvera.is eða 1818 inni í bæklingnum.

2. Aðgerðaráætlun í mannréttindamálum 2019-2022 – Aldur.

- **Rjúfa einangrun.** Efla fræðslu um það sem er í boði. Þarf að vera skipulögð þjónusta.
- **Tryggja réttindi hinsegin eldri borgara.** Margir sem eiga erfitt með að skilgreina sig hinsegin. Gott að vera með fræðslu til starfsfólks. Fræðsla til hópsins sjálfs í tengslum við Samtökin 78.
- **Sporna gegn ofbeldi gagnvart eldri borgurum.** Það er til tölfræði. Fjárhagslegt ofbeldi gagnvart eldra fólki tíðkast. Stela lyfjum af fólki. Hver tilkynnir slíkt?

Setja inn í erindisbréf starfshóps um aðgerðir til að sporna við ofbeldi gegn öldruðum:

Ath. hvort er hægt að vera með stuðningsnet fyrir fólk sem er beitt ofbeldi af sínum nánustu.

- **Veita öldruðum þjónustu sem er sniðin að þeirra þörfum.** Aldraðir eru margbreytilegur hópur. Kanna væntingar þeirra.
- **Spyrja eldri borgara. Gera áhugasviðskönnun.** Þarf stöðugt að vera kanna á hverju fólk hefur áhuga. Mikilvægt að átta sig á að hópurinn er fjölbreyttur. Tala við þá sem eru komnir eru á aldur og hina sem eru enn eldri. Gera áhugasviðskönnun. Þarf stöðugt að vera kanna á hverju fólk hefur áhuga.
- **Hægt að vinna gegn einangrun en ekki einmanaleika.** Fólk einangrast við að hætta að keyra t.d. Lærum að ferðast innanbæjar áður en við verðum gömul. Lærum á gönguleiðir. Fólk treystir sér kannski ekki í strætó. Má taka leigubíla. Efla forvarnir og fræðslu.
- **Þurfum að læra að eldast, styðja fólk í því.** Hvernig viljum við sem erum ung verða þegar við verðum gömul?

Annað:

- Þarf að endurskoða félagsstarf. Ath. aðgerðaráætlun um félagsstarf.

3. Opinn fundur borgarstjórnar 28. maí 2019.

- **Kynnt þemu fyrri funda 2015-2018.** Rætt um hvað verður um aðgerðir í eftirfarandi: Aldursvænar borgir og einnig stöðu eldri innflytjenda.

Vannæring – velferðartækni breyttra áherslur velferðarsviðs og útskriftaráætlun LHS

Af hverju erum við að þessu: Aldursvæn borg, Lífsánægja og hamingja fólks – fjöldi skiptir ekki máli. Mikilvægt að ræða búsetumál i breiðum skilningi - út frá lífsgæðum og innihaldsríku lífi.

Drög að dagskrá fyrir borgastjórnarfund:

Aldursvæn borg og lífsánægja aldraðra – hvað þarf til að skapa innihaldsríkt líf?

1. Heimsspeki um hamingjuna – hvað þarf til að skap innihaldsríkt líf?
(t.d. Ketill Hí Vilhjálmur Árnason).
2. Að læra að eldast – undirbúa sig undir farsælt líf.
(Erum löngu búin að læra að undirbúa okkur undir starfslok. Mikilvægt að kynna snemma í ferlinu, að nota t.d. aksturþjónustu menningarhús/félagsmiðstöð ofl. hreyfing og næring).
3. Öryggi (búsetuúrræði, lífsviðurværi, lífsgæði)
4. Viðmót þjónustu (hið opinbera, heimaþjónusta, tengsl við fólk)
5. Nýjar nálganir - Hvernig Reykjavíkurborg stendur sig sem veitandi þjónustu smbr. breyttar þarfir félagsmiðstöðvar/ menningarhús aldraðra, afþreyingu ofl.)

Innlegg um breytingar fyrir nýja kynslóð um afþreyingu og áhugamál.
(félagsmiðstöðvar eiga að vera menningarhús – sjáið bókasöfnin)

Annað:

Sigrún Ása nemi sendir hugleiðingar

Vekja athygli á vannæringu.

Styrkja þjónustuíbúðir.

Setja í aðgerðaráætlun - Landsþing öldungarráða

Fá kynningu inn í ráðið á stöðu aðgerða um aldursvænar borgir.